

Tillaga til þingsályktunar

um aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnnum.

Flm.: Siv Friðleifsdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir,
Katrín Júlíusdóttir, Guðjón A. Kristjánsson, Valgerður Sverrisdóttir,
Magnús Stefánsson.

Alþingi ályktar að félagsmálaráðherra feli Jafnréttisstofu það verkefni að hrinda af stað aðgerðum í því skyni að efla hlut kvenna í sveitarstjórnnum.

Greinargerð.

Mikilvægt er að í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga verði beitt markvissum aðgerðum til að bæta hlut kvenna í sveitarstjórnnum. Ein leið að því marki væri að fela Jafnréttisstofu, sem býr yfir mikilli þekkingu á stöðu kvenna í samfélaginu, að annast slíkar aðgerðir eins og gert er ráð fyrir í tillögu þessari. Fjárveitingar til Jafnréttisstofu þyrftu að aukast samhliða slíkum aðgerðum.

Sveitarstjórnarkosningar verða næst haldnar vorið 2010. Umræða um aukinn hlut kvenna í stjórnámálum hefur eflst á undanförunum árum og missirum. Þrátt fyrir mikla umræðu og átaksverkefni er ljóst að enn vantar töluvert upp á að hlutur kvenna í sveitarstjórnnum geti talist eðlilegur.

Hluttur kvenna í sveitarstjórnnum eftir síðustu sveitarstjórnarkosningar árið 2006 var 35,9%. Svipaðar prósentutölur má sjá þegar skoðaðar eru stjórnir, nefndir og ráð sveitarfélaganna.

Hluttur kvenna í sveitarstjórnnum hefur aukist mjög hægt eins og sjá má af tölulegum upplýsingum hér á eftir.

Síðustu alþingiskosningar skiluðu ekki til baka því hlutfalli sem konur höfðu á kjörtímabilinu 1999–2003, þegar þær áttu 34,9% fulltrúa á Alþingi en við kosningarnar 2003 fóru þær niður í 30,2% og upp úr því í 31,7% við kosningarnar sl. vor.

Brýnt er að tryggja að ekki eigi sér stað hliðstætt bakslag varðandi hlut kvenna í næstu sveitarstjórnarkosningum, heldur náist sá árangur að hlutur kvenna aukist verulega.

Konur eru í meiri hluta sveitarstjórnarmanna í tíu sveitarfélögum á landinu en í sjö sveitarfélögum er engin kona meðal sveitarstjórnarmanna. Oddvitar í sveitarstjórnnum eru 98 talsins, þ.e. 25 konur, eða 25,5%.

Áður hefur verið farið í verkefni með svipað markmið og í þingsályktunartillögu þessari, en Alþingi samþykkti þingsályktun á 122. löggjafarþingi 1997–1998 (592. mál) um aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnámálum. Flutningsmenn tillögunnar voru Siv Friðleifsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Arnbjörg Sveinsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Árni M. Mathiesen, Guðmundur Árni Stefánsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Hjálmar Árnason og Ólafur Örn Haraldsson.

Í kjölfar samþykktar þingsályktunarinnar var komið á fót þverpólitískri opinberri nefnd á vegum félagsmálaráðuneytisins sem stóð fyrir slíkum aðgerðum í um fimm ár.

Árangurinn var góður. Hluttur kvenna á þingi jókst um 10% í alþingiskosningum árið 1999 m.a. vegna aðgerða nefndarinnar og þeirrar umræðu sem þær sköpuðu innan flokkanna og í samfélaginu á þeim tíma.

Finna má skýrslu nefndarinnar á slóð félagsmálaráðuneytisins: www.felagsmalaraduneyti.is, en í henni er greint frá aðgerðum og verkefnum nefndarinnar sem og árangri af starfi hennar.

Í lokaorðum skýrslunnar kemur m.a. fram eftirfarandi: „Konur eru helmingur þjóðarinnar og það hlýtur því að vera mikið réttlætismál að fleiri konur gefi kost á sér til stjórnmalastarfa. Tilgangurinn er að bæði konur og karlar taki sameiginlega ákvarðanir í stjórnmalum og þar með aukast líkur á að ákvarðanir séu teknar með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi. En hvað þarf þá að koma til svo hluttur kvenna í stjórnmalum verði aukinn?“

Svörin eru í grófum dráttum þessi:

1. Fleiri konur þurfa að gefa kost á sér til stjórnmalastarfa. Til þess að svo megi verða þarf að auka fræðslu meðal almennings, í fjölmiðlum og í skólum um mikilvægi aukins jafnréttis í stjórnmalum sem annars staðar.
2. Konur þurfa meiri hvatningu en karlar, ef til vill vegna þess að þær hafa færri kvenfyrirmyndir í stjórnmalum en karlar.
3. Það þarf að vera vilji til þess innan stjórnmalaflokkanna að fjölga konum á framboðslistum og þar skipta fyrstu sætin mestu máli.“

Þar sem reynslan af markvissum opinberum aðgerðum til að auka hlut kvenna í stjórnmalum er góð eins og rakið er hér að framan er rétt að félagsmálaráðuneytið feli Jafnréttisstofu að beita slíkum aðgerðum í aðdraganda komandi sveitarstjórnarkosninga og útvegi stofunni fjármagn til aðgerðanna.

Tölulegar upplýsingar:

Sveitarstjórnarkosningar, hluttur kvenna:		Alþingiskosningar, hluttur kvenna:		
1950	0,60%	1979	5,00%	
1962	1,00%	1983	15,00%	
1982	12,40%	1987	20,60%	
1990	22,00%	1991	23,80%	
1994	25,00%	1995	25,40%	
1998	29,00%	1999	34,90%	(36,5% í lok tímabils)
2002	31,10%	2003	30,20%	(36,5% í lok tímabils)
2006	35,90%	2007	31,70%	